

Ed.

107. Nefndarátt

um frv. til laga um fiskifulltrúa á Spáni og Ítaliu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt mál sátt að því er frv. þetta snertir.
Meiri hl. getur fallist á, að ástæður þær, sem taldar eru fyrir frv. í

aths. við það, sjeu rjettmætar og að það muni vera mjög þýðingarmikið at-
riði, að fulltrúinn hafi fast aðsetur í Miðjarðarhafslöndunum.

Því ber ekki að neita, að starfsemi erindreka á Spáni, eins og henni
hefir verið hagað að undanfögnu, hafi verið til mikils gagns, en hitt sýnist
auðskilið, að slíkur erindrekstur sje nokkuð óstöðugur og sundurlaus meðan
honum er svo fyrir komið, að erindreki er hafður þar suður frá aðeins lítinn
part úr árinu.

Venjur og staðhættir í þessum löndum, sem hjer um ræðir, hugsunar-
háttur og þarfir fólksins, alt er þetta næsta frábrugðið því, sem hjer er, og
útheimtir því, að fulltrúinn geti notið óskiftra krafta sinna til að lifa sig inn í
hið nýja umhverfi sitt.

Sje það því viðurkent, að þörf hafi verið á þeim erindrekstri eins og
honum hingað til hefir verið fyrir komið og að gagn hafi af honum leitt, virð-
ist þeim mun frekar ástæða til að koma þessari starfsemi á fastan grundvöll,
með tilhögun slíkri, sem frv. fer fram á.

Sje nú að því horfið, að landið hafi búsettan fulltrúa á Spáni, sem
gæta eigi hagsmuna Íslendinga þar og í nálægum löndum, þarf ríkisstjórnin
að gera það, sem nauðsynlegt er til að tryggja sem besta aðstöðu fulltrúans
gagnvart yfiröldum og öðrum í þeim löndum, sem starfsemi hans á að ná
til, og einnig gagnvart ræðismönnum sambandsríkis vors í hinum sömu löndum.

Skal í þessu sambandi bent á það, er í 7. gr. sambandslaganna ségir
um sendimenn, sem stjórn Íslands kjósi að senda úr landi á sinn kostnað.

Þykir meiri hl. nefndarinnar rjett að taka þetta fram, vegna þess að
hann leggur áherslu á, að fulltrúi landsins á Spáni og Ítalíu komi í hvívetna
fram sem opinber sendimaður hins íslenska ríkis.

Alþingi, 27. febrúar 1925.

Björn Kristjánsson,
form.

Jóhann P. Jósefsson,
frsm.